

Starfsemi verðlagsnefndar búvöru 2015

Verðlagsnefnd búvöru ákveður samkvæmt lögum lágmarksverð til bænda fyrir mjólk innan greiðslumarks og einnig heilðsöluverð helstu mjólkurvara. Í raun hafa ákvarðanir verðlagsnefndar um heilðsöluverð þó áhrif á allar vörur sem aðildarfélag Sam framleiða. Um árabíl hefur verið sátt um að vörur sem nefndin verðleggur ekki taki hækkanir nokkurn veginn í takt við ákvarðanir nefndarinnar. Auk þess horfir nefndin á afkomu mjólkuriðnaðarins við ákvarðanir sínar og sú afkoma batnar hækki aðrar vörur. Það hefur þá áhrif á næstu ákvörðun um hækkun á verðbundnum vörum.

Um mitt ár 2015 hélt verðlagsnefnd búvöru tvo bókaða fundi. Á fundi nefndarinnar 14. júlí var ákveðið að hækka grundvallarverð mjólkur til bænda og heilðsöluverð mjólkurvara eins og eftirfarandi fréttatilkynning ber með sér:

Verðlagsnefnd búvara hefur tekið samhljóða ákvörðun um að heilðsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum, sem nefndin verðleggur, hækki 1. ágúst nk. um 3,58%, nema smjör sem hækkar um 11,6%. Afurðastöðvaverð til bænda hækkar um 1,47 kr. á lítra mjólkur, úr 82,92 kr. í 84,39 kr. Þá hækkar vinnslu- og dreifingarkostnaður mjólkur um 4,27 kr. Samanlögð hækkun heilðsöluverðs er því 5,74 kr. á hvern lítra mjólkur. Breytingin er til komin vegna kostnaðarhækkana sl. tveggja ára við framleiðslu og vinnslu mjólkur, en síðasta verðbreyting fór fram 1. október 2013.

Á tímabilinu 1. júlí 2015 – 30. júní 2016, er verðlagsnefnd búvara skipuð eftirtöldum fulltrúum: Ólafur Friðriksson, formaður nefndarinnar frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Björg Bjarnadóttir, tilnefnd af Velferðarráðuneytinu, Sverrir Björn Björnsson tilnefndur af Velferðarráðuneytinu, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson Bændasamtökum Íslands (BÍ), Sigurður Loftsson Landssambandi kúabænda (LK), Guðrún Sigurjónsdóttir og Jóhannes Ævar Jónsson frá Samtökum afurðastöva í mjólkuriðnaði (SAM).

Verðlagsnefnd búvöru var skipuð í lok júní 2015 eins og lög nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum gera ráð fyrir. Nefndin hafði þá ekki verið skipuð í heilt ár og ekki fundað frá 12. mars 2014. Ástæða þess að nefndin hafði ekki verið skipuð var að samtök launþega, ASÍ og BSRB, höfðu ekki tilnefnt fulltrúa í nefndina. Launþegasamtökin kusu að tilnefna ekki í nefndina fyrr en lokið væri úttekt á því hvernig opinber verðlagning mjólkur hafi reynst frá því að Búvörulögin voru sett árið 1993.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands annaðist þessa úttekt og var hún gefin út í skýrslunni *Mjólkurvöruframleiðsla á Íslandi – staða og horfur* í júní 2015. Útgáfa skýrslunnar hafði dregist verulega og þrátt fyrir skýr ákvæði Búvörulaga um það hvernig skipa skuli í Verðlagsnefnd búvöru ef ekki berast tilnefningar frá þeim aðilum sem rétt hafa til tilnefningar var það ekki gert í heilt ár.

Allar tölulegar athuganir og mælingar sem koma fram í umræddri skýrslu staðfesta að opinber verðlagning og störf Verðlagsnefndar búvöru hafa skilað því að þær vörur sem nefndin verðleggur hafa hækkað minna en aðrar matvörur á tímabilinu, bæði innfluttar vörur og innlendar.

Þrátt fyrir að skýrsla Hagfræðistofnunar sýni fram á að opinber verðlagning og störf Verðlagsnefndar hafi skilað neytendum ávinningi var það niðurstaða launþegasamtakanna að taka ekki þátt í störfum nefndarinnar. Ráðherra landbúnaðarmála skipaði því nefndina án tilnefningar frá ASÍ og BSRB. Fulltrúar neytenda í nefndinni voru tilnefndir af Velferðarráðuneytinu eins og Búvörulög gera ráð fyrir.

Rétt er að geta þess að Verðlagsnefnd búvöru og formaður hennar urðu fyrir óvæginni og ósanngjarnri umræðu á haustdögum árið 2014 þar sem rætt var um tengsl formanns nefndarinnar við fyrirtæki í mjólkuriðnaði og ýmsum dylgjum haldið á lofti.

Í kjölfar þess óskaði Atvinnuvega og nýsköpunarráðherra eftir úttekt Ríkisendurskoðunar á störfum og stjórnarsýslu nefndarinnar. Sú úttekt liggur nú fyrir í skýrslu Ríkisendurskoðunar *Verðlagsnefnd búvara og Ráðgjafanefnd um inn- og útflutning landbúnaðarafurða* frá 30. apríl 2015.

Skemmst er frá því að segja að Ríkisendurskoðun gerir engar athugasemdir við störf nefndarinnar og telur reyndar sumt í vinnubrögðum hennar til eftirbreytni.

Tvær opinberar skýrslur voru því birtar um störf Verðlagsnefndar búvöru á árinu 2015 og bera þær báðar störfum nefndarinnar gott vitni.

f.h. SAM í Verðlagsnefnd búvöru

Jóhannes Ævar Jónsson

Guðrún Sigurjónsdóttir